

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hörgársveit.

Hjalteyri, óveruleg deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 10. desember 2020 að gera breytingu á deiliskipulagi Hjalteyrar. Breytingin felur í sér að nyrstu skipulagsmörkum er hliðrað til suðurs um u.þ.b. 150 metra þannig að vinnslusvæði Norðurorku lendi alfarið utan deiliskipulagssvæðis Hjalteyrar.

Deiliskipulagsbreytingin telst óveruleg skv. gr. 5.8.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkti sveitarstjórn að falla frá grenndarkynningu breytingarinnar á grundvelli 3. mgr. 44. gr. sömu laga. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hörgársveit, 2. febrúar 2021.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.